

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Akraneskaupstað.

Deiliskipulag 1. áfanga Skógarhverfis.

Á fundi bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar þann 11. febrúar 2014 var samþykkt breyting á deiliskipulagi 1. áfanga Skógarhverfis.

Breytingin á deiliskipulaginu felst í því að á lóðunum Viðjuskógum 8, 10, 12, 14, 16 og 18, verði heimilt að byggja hús á einni hæð í stað tveggja og þess er ekki krafist að í húsunum verði bifreiðageymsla. Nýtingarhlutfall lóðanna er óbreytt.

Framangreint deiliskipulag var auglýst samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Akranesi, 20. maí 2014.

Sigurður Páll Harðarson,
framkvæmdastjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs.